

THE GOSPEL COALITION NORDEN THEOLOGICAL PREAMBLE

Við erum samfélag af guðspjallamiðuðum kirkjum og leiðtogum í norrænu löndunum staðráðin í að gera nafn Guðs þekkt og þar með ná til Norðurlandabúa með fagnaðarerindinu af þeirri frelsun sem aðeins næst fyrir trú á Jesú Krist. Við viljum endurnýja trú okkar á fagnaðarerindi Jesú Krists og umbreyta guðþjónustu okkar til þess að einblína á og vera mótuð af fagnaðarerindi Jesú Krists. Við erum staðföst í guðfræðilegri hefð mótumælendatrúnnar og að koma menningarheimi okkar í kynni við fagnaðarerindi Jesú Krists til að boða hinum týndu fagnaðarerindið. Við trúum því að markmið fagnaðarerindisins sé sáttargjörð okkar við Guð og að þessi heimur sem við búum í sé Guðs heimur. Þar af leiðandi, því betur mælt sem við verðum í fagnaðarerindinu, því færari verðum við í að fást við hugmyndir heimsins, jafnframt því sem við verðum læsari í orði Guðs. Við höfum skuldbundið okkur til að efla guðþjónustu okkar með nýrri von og sannfærandi gleði byggð á þeim fyrirheitum sem fengin eru af náðinni einni, fyrir trúna eina, á Jesú Krist einan.

Við höfum haft miklar áhyggjur af ástandi kristnu kirkjunnar í löndunum okkar. Það er merkilega mikil vanþekking á Biblíunni sem leiðir til þess að margir vita ekki hvað orð Guðs segir eða hvernig á að skilja það. Þar af leiðandi tapast sannur boðskapur fagnaðarerindisins, sem er björgun frá reiði Guðs af náð einni. Það hryggir okkur mjög að þetta skuli skilja eftir svo marga í Norðurlöndunum týnda og án vonar um björgun frá þessari reiði.

Hér á Norðurlöndunum eru leifar af „kristilegri“ menningu sem hefur að miklu leyti vikið fyrir almennri sjálfsmynd upplýsingaraldar. Það er til ákveðið stig af kristinni þjónustu, og jafnvel guðfræðilegri íhugun, sem gerð er án grunnþekkingar á Biblíunni. Annars vegar höfum við áhyggjur af dýrkun trúarlegrar gagnhyggju og/eða tilhneigingunni til flokkadráttar hjá trúföstum kirkjum, sem oft upplifa sig umdeildar og viðkvæmar; hins vegar erum við trufluð vegna ómótmæltrar viðurkenningar á guðfræðilegri og siðfræðilegri framfarastefnu hjá hefðbundnu mótmælendarkirkjunni, sem knúin er áfram af sögulega gagnrýninni túlkun af Biblíunni til „eftir-sannleiks“-sjónarhorns á hvað á að vera endalegt orð Guðs.

Sameiginleg báðum er sú þrá að hunsa undirstöðupæc fagnaðarerindisins — líkt og fullveldi Guðs, algjöra spillingu mannlegs eðlis, friðþægingarrefsing Krists í okkar stað, veruleika líkamlegrar upprisú Jesú, komandi dóm og róttækt ákall Jesú til hlýðni — og þess í stað miðla boðskap sem sefar til norrænna menningarheima. Á norðurlöndunum eru þeir sem draga þetta mál í efa — þ.e. að vera útlagar frá samstöðunni — litnir hornauga: en hálf fagnaðarerindi er alls ekkert fagnaðarerindi! Þessi þrýstingur í hverri Norðurlandþjóð til þess að breyta og/eða bæla niður fagnaðarerindið, og að þagga niður í boðun fagnaðarerindisins, hefur áhrif á okkur öll.

Norðurlandasvæðið er stórt og íbúahöldi dreifður. Evangelískar kirkjur eru fáar talsins og dreifðar víða. Þótt þær séu sameinaðar í trú finna þessar kirkjur oft fyrir einangrun og eru tortryggjar á samstarf. Fögnuðurinn yfir sameiningu okkar við Krist er oft veiklaður af þeirri vitund um smáa, hverfandi tilveru evangelískra kirkna á Norðurlöndnum og þess vegna getur okkar sameiginlegum grundvelli í Kristi, menningararfi og trausti hvert til annars verið skipt út fyrir sjálfsbjörgunarhugarfar eða væga hörfun til nafnhyggju eða trúarblendingar. Við viljum vera

söfnunarkall, sameiningarkraftur, staður sem fylgjendur Krists geta komið á og vera hvacr til að prédika fagnaðarerindið af trúfesti, fylgja Kristi af öllu hjarta og taka þátt án ótta í menningunni með ást Jesú Krists, full af sannleika og náð.

Allt það sem kemur í stað fagnaðarerindisins mun aldrei stuðla að trúboðsmiðaðri trú sem er föst í varanlegum sannleika, sem ræktar sig í stöðugum lærdómi og sem er tilbúin til að fórna öllu lífi okkar fyrir konungdóm Jesú Krists. Heldur miðum við á að gera fagnaðarerindið aftur að höfuðatriði í lífi fólks með boðun, hvatningu og menntun fagnaðarerindisins svo að núverandi og framlíðarleiðtogar í kirkjunni séu betur í stakk búnir til að ýta undir starf sitt með reglum og siðum sem eru Frelsara okkar til dýrðar og gera þeim gott sem hann úthellti blóði sínu og gaf líf sitt fyrir.

Við viljum rækta sameinað átak meðal allra Norðurlandabúa — átak sem er fúst til að heiðra Krist og hölga lærisveinum hans í kirkjunum innanbæjar, starfandi saman fyrir Jesú. Slíkt samstarf getur verið mikilvæg leið áfram fyrir Kirkjuna í heimi síminnkandi kristinna gilda. Þessi veruleiki knýr okkur til að standa með öðrum sem eru sammála því að náð Guðs í Jesú Kristi er eina von okkar um eilíft hjálpræði. Við æskjum þess að halda uppi þessu fagnaðarerindi með skýrleika, samúð, hugrekki og gleði — og þannig tengja saman hjörtu og hendur trússystkina þvert á kirkjudeilda-, þjóða-, kynþátta- og stéttalínur.

Þrá okkar er sú að þjóna guðspjallamiðuðu kirkjum Norðurlandanna á þann hátt sem miðlar skýrt til póstmóðernismaaldar okkar þar sem kristindómur er ekki lengur ráðandi. Sem prestar og kirkjuleiðtogar ætlum við að framkvæma þetta í kirkjum okkar með þeim venjulegu aðferðum sem Guð sýnir náð sína: bæn, greinargerðarmiðlun á orði Guðs, skírn og mállýð Drottins og samveru hinna heilögu. Við þráum að vinna með öllum þeim sem, auk þess að taka á móti þeirri almennu játningu og sýn sem eru settar hér fram, sækjast eftir drocnvaldi Jesú Krists yfir öllu lífi með þeirri von að kraftur Heilags Anda umbreyti einstaklingum, samfélögum og menningum, til dýrðar þríeinum Guði einum.